

Félagsmálaráðuneytið

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



15. febrúar 2021

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-13/2021 í samráðsgátt stjórnvalda**

*Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994*

Hagsmunasamtök heimilanna hafa ekki haft tók á að greina efni frumvarps þessa í þaula og gera því ekki efnislegar athugasemdir að svo stöddu, en áskilja sér ráðrúm til þess á síðari stigum.

Að þessu sögðu vekur það þó athygli samtakanna að í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það hafi verið samið í samráði við Samtök verslunar og þjónustu og Húseigendafélagið. Þó er ljóst að margir fleiri aðilar geta haft hagsmuna að gæta af efni frumvarpsins, svo sem sveitarfélög og samtök þeirra, Félag fasteignasala, Öryrkjabandalag Íslands, Hagsmunasamtök heimilanna og ýmsir fleiri. Að mati samtakanna er því óviðunandi að frumvarp af þessu tagi sé samið í samráði við einungis tvo af mörgum hagsmunaaðilum sem auk þess hafa nokkuð þröngt hagsmunasvið.

Hagsmunasamtök heimilanna benda í þessu sambandi á að síðastliðin áramót tóku gildi lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands nr. 54/2020. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þeirra laga skulu samskipti hagsmunavaraða og stjórnvalda ávallt byggjast á málefnalegum sjónarmiðum og grundvallast á jafnræði. Ofangreint fyrirkomulag við samningu frumvarpsins þar sem sumum var hleypt að borðinu en aðrir útilokaðir, samræmis alls ekki umræddu lagaákvæði. Er því hér með beint til ráðuneytisins að gæta þess framvegis að fylgja lögnum í hvívetna við slíkt samráð.

Jafnframt mótmæla samtökin sérstaklega 11 gr. frumvarpsins þar sem kemur fram skilyrði um notkun rafrænna skilríkja við undirritun rafrænna skjala. Aðeins eitt einkafyrirtæki sem er aðallega í eigu fjármálafyrirtækja gefur út rafræn skilríki og er með öllu óréttmætt að þvinga fólk til viðskipta við slíkt fyrirtæki. Dæmi eru um að einstaklingar sem vilja ekki una því hafi orðið fyrir alvarlegum réttarspjöllum af þeim ástæðum. Slík skilyrði má alls ekki leiða í lög fyrr en ríkið sjálft hefur útgáfu rafrænna skilríkja eins og reyndar er stefnt að. Um þetta vísa samtökin nánar til umsagnar sinnar við mál nr. S-254/2020 um stafrænt pósthólf í miðlægrei þjónustugátt stjórnvalda.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is